



## Félag löggiltra endurskoðenda

### Námskeið um stjórnun verkefna/hópa

<b>Ætlað:</b>	Opið öllum
<b>Leiðbeinandi:</b>	<b>Elmar Hallgríms Hallgrímsson</b>
<b>Staður:</b>	Grand Hótel Reykjavík
<b>Tími:</b>	Fimmtudaginn 29. október 2015 kl. 13:00 – 16:00
<b>Einingar:</b>	Þrjár endurmenntunareiningar í flokknum siðareglur og fagleg gildi
<b>Verð:</b>	Kr. 18.000- fyrir félagsmenn og starfsmenn endurskoðunarstofa en 24.000 fyrir aðra
<b>Skráning:</b>	Skráning á vefsíðu FLE til kl. 16:00 - 28. október

#### Námskeiðslýsing:

Endurskoðendur þurfa oft að stjórna verkefnum og vinnuhópum í starfi sínu. Á námskeiðinu verður farið yfir fjóra þætti stjórnunar með siðfræðivinkilinn í huga. Þessi þættir eru: hvatning, erfið samskipti, samningaumleitanir og sannfæringakraftur. Að öðlast betri skilning á þessum þáttum er spor í áttina að því að verða betri stjórnandi og faglegri í samskiptum við hópinn sinn.

#### Markmiðslýsing: Að loknu námskeiðinu ættu þátttakendur að:

- Þekkja betur til leiðtogahlutverksins og geta nýtt sér í starfi
- Geta greint hvað er faglegt og siðlegt
- Vera meðvitaður um stærstu hindranir verkefna og mögulegar lausnir



**Leiðbeinandi:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson er lektor í Háskóla Íslands, Viðskiptafræðideild þar sem hann kennir námskeið um samningatækni, viðskiptasiðfræði og sáttamiðlun. Hann er lögmaður að mennt og hefur starfað fyrir Fjármálaráðuneytið og Rekstrarfélag sparisjóðanna auk þess sem hann hefur haldið leiðtoganámskeið hjá Dale Carnegie. Hann starfar nú hjá Arion banka.